

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 21. júní 2022
Mál nr. 2201028

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs 20. júní 2022 var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 8. maí sl., þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2022 verði 73%.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði greinar 35 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Hlutfallstala viðbótariðgjalds skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður hlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,
f.h. Brúar lífeyrissjóðs

Þóra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs